



Erindi nr. P 137/793
komudagur 18.9.2009

Alþingi
b/t allsherjarnefnd.
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Seyðisfirði 14. sept 2009

Efni : Umsögn SSA um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar ,149. mál.

Framkvæmdastjóri SSA hefur 25. ágúst sl. óskað eftir umsagnarfresti.

Stjórn SSA tók frumvarpið fyrir á fundi sínum á Vopnafirði 26. ágúst.sl.
Samþykkt var að formaður SSA og framkvæmdastjóri veiti umsögn með vísan í umræður á stjórnarfundinum. Til hliðsjónar verði höfð m.a umsögn Sambands isl. sveitarfélaga.

Umsögn stjórnar SSA :

*Tekið er undir það megingjónarmið frumvarpsins að auka beri áhrif kjósenda á hvaða einstaklingar verði kjörnir til setu í sveitarstjórnnum .

*Góðan tíma þarf til að undirbúa breytingar og efasemdir eru uppi um að rétt sé að "prufukeyra" svo viðamiklar breytingar í næstu sveitarstjórnar kosningum eftir 9. mánuði.

*Rétt getur verið að kveða á um heimild til sveitarfélaga um að viðhafa persónukjör fremur en að skylda öll sveitarfélög til þess.

*Svo virðist sem erfitt geti verði að fá einstaklinga til að bjóða sig fram til setu í sveitarstjórnnum t.d á landsbyggðinni á vori komandi , sérstaklega í lykilsæti. Nýtt kosninga-fyrirkomulag kann að auka á þá erfiðleika.

*Svo er að sjá að með breytingunni fari prófkjör fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

*Sú kosningaaðferð sem lögð er til í frumvarpinu mun torvelda það að stjórn málahreyfingar sameinist um framboð ,en slíkt hefur verið nokkuð algengt t.d á landsbyggðinni.

*Með persónukjörinu felst ekki trygging milli kynja í efstu sætum lista.

*Skýra þarf betur t,d. framkvæmd utankjörfundar atkvæðagreiðslu.

*Talning atkvæða mun verða tímafrek.

*Ef persónukjör nær fram að ganga við sveitarstjórnarkosningarnar í maí nk. tekur stjórn SSA undir með stjórn Sambands isl. sveitarfélaga að eðlilegt sé að gera þá kröfu að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum þann viðbótarkostnað sem af frumvarpinu leiðir.

*Almenn umræða og kynning hefur engin verið Stefnan er sett á að bæta úr því t.d með kynningum fyrir sveitarstjórnarmenn á aðalfundum landshlutasamtakanna nú í haust.

f.h. stjórnar SSA

Sign: Bj. Halþór Guðmundsson form. stjórnar SSA.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA